

AUGLÝSING

um umferð í Fjallabyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum frá skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar hefur lögreglustjóri ákveðið að stöðvunarskylda verði á Norðurgötu gagnvart umferð um Aðalgötu á Siglufirði.

Stöðvunarskyldan er táknuð með umferðarmerkinu B19.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 30. janúar 2018.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2018